

Félag fréttamanna á RÚV

Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík, 13. maí 2019

Efni: Umsögn Félags fréttamanna um breytingu á lögum um meðferð einkamála, lögum um meðferð sakamála og fleiri lögum.

Félag fréttamanna leggst gegn drögum að frumvarpi dómsmálaráðherra í þeirri mynd sem það er nú og hvetur ráðherra til að endurskoða þann hluta þess er varðar bann við samtíma endursögn af því sem fram fer í dómsal.

Meginreglan á Íslandi er sú að réttarhöld, ekki síst í sakamálum, skulu háð í heyranda hljóði og fyrir opnum tjöldum. Ein grunnforsenda lýðræðislegrar umræðu er að almenningur hafi aðgang að réttum upplýsingum til að geta mótað sér upplýstar skoðanir á málefnum líðandi stundar. Félagið telur það varða hagsmuni almennings að koma á framfæri upplýsingum um sakborninga og afbrot þeirra. Hagsmunir almennings eru sérstaklega ríkir hvað þetta varðar ef um er að ræða stjórnámamenn sem brotið hafa af sér.

Félagið fær ekki séð nauðsyn eða tilefni ákvæða sem um ræðir. Ef litið er til 10. gr. sakamálalaga nr. 88/2008 hefur dómari nú þegar víðtækar heimildir til þess að loka þinghaldi eða mæla fyrir takmörkunum á umfjöllun telji hann nauðsyn á. Félagið telur dómara fullfæra um að meta slík tilvik og slíkt hefur gefið góða raun.

Þá telur félagið að rökin fyrir áðurnefndum breytingum standist ekki skoðun. Ef þeim er ætlað að koma í veg fyrir réttarspjöll nægir ekki að hindra fréttaf lutning af málinu. Vitni, sakborningar eða aðrir aðilar máls geta fengið upplýsingar um það sem fer fram í dómsal frá öðrum en fjölmiðlum.

Félag fréttamanna telur að frumvarpið dragi úr getu fréttastofu RÚV til þess að sinna þeirri lögbundnu eftirlitsskyldu sinni að veita dómskerfinu aðhald. Dómsvaldið verður að vera sjálfstætt og varið frá öllum pólitískum áhrifum. Þar af leiðandi er aðhald fjölmiðla og almennings lykilatriði. Öll takmörkun á fréttaf lutningi af dómsmálum, umfram það sem er nauðsyn krefur þarf því að byggja á sterkum og veigamiklum rökum.

Fyrir hönd Félags fréttamanna,
Alma Ómarsdóttir
formaður Félags fréttamanna